

**Faxaflóahafnir
annars vegar
og
Verkalýðsfélag Akraness
hins vegar gera með sér eftirfarandi**

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Akranesi 7. nóvember 2024

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2024 til 30. apríl 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkunir**

Byrjunarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

- 1. maí 2024: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,25% sbr. launatöflu 1.
- 1. maí 2025: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu 2.
- 1. maí 2026: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu 3.
- 1. maí 2027: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu 4.

**3. gr.
Orlofs- og desemberuppbætur**

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

- 1. maí 2024 orlofsuppbót kr. 56.000
- 1. desember 2024 desemberuppbót kr. 123.590
- 1. maí 2025 orlofsuppbót kr. 59.500
- 1. desember 2025 desemberuppbót kr. 127.916
- 1. maí 2026 orlofsuppbót kr. 62.000
- 1. desember 2026 desemberuppbót kr. 132.393
- 1. maí 2027 orlofsuppbót kr. 64.000
- 1. desember 2027 desemberuppbót kr. 137.026

4. gr.
Önnur laun er starfinu fylgja

Ökutækjastyrkur, fæðiskostnaður og matarkostnaður mun hækka á samningstímanum með eftirfarandi hætti:

1. maí 2024

Ökutækjastyrkur 49.925 kr.
Matarkostnaður 57.784 kr.

1. maí 2025

Ökutækjastyrkur 51.672 kr.
Matarkostnaður 59.806 kr.

1. maí 2026

Ökutækjastyrkur 53.481 kr.
Matarkostnaður 61.899 kr..

1. maí 2027

Ökutækjastyrkur 55.352 kr.
Matarkostnaður 64.065 kr.

5. gr.

Félagsmannasjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í félagsmannasjóð sem nemur 1,7% af heildarlaunum félagsmanna. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins.

6. gr.

Eingreiðsla/afturvirkni

Þar sem gildistími samnings er frá 1. maí 2024 eru samningsaðilar sammála um að eingreiðsla komi til starfsmanna vegna afturvirkni og nemur sú upphæð 410.000 kr. fyrir fullt starf og hlutfallslega fyrir þá sem eru með skert starfshlutfall

7. gr.

Forsenduákvæði og önnur kjaraatriði

Forsenduákvæði og önnur kjaraatriði sem Faxaflóahafnir semja um við aðra samningsaðila skulu einnig gilda hvað þennan samning varðar

Launatöflur

		Launatöflur á samningstímanum						
Hliðfæsla líf 518								
1.maí.24	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	12 ár	
		519.487	527.279	535.191	543.217	551.378	559.636	568.030
1.maí.25	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	12 ár	
		543.237	551.386	559.659	568.052	576.586	585.221	593.999
1.maí.26	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	12 ár	
		566.987	575.492	584.127	592.887	601.794	610.807	619.969
1.maí.27	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	12 ár	
		590.737	599.598	608.595	617.722	627.002	636.392	645.938

Fh. Verkalýðsfélags Akraness

Fh. Faxaflóahafna